



Skipulagsnefnd Skaftárhrepps Fundargerð

Fundur nr.141 Málsmr 1801006 haldinn á Kirkjubæjarstofu á
Kirkjubæjarklaustri, þriðjudaginn 6. nóvember 2018 klukkan 15:00.

Mætt eru til fundar Jón Hrafn Karlsson formaður nefndarinnar, Bjarki Guðnason, Davíð Andri Agnarsson, Gústaf B. Pálsson. Kristbjörg Hilmarsdóttir Z-lista boðar forföll, í hennar stað er mættur 2. varamaður Z-lista Bergur Guðnason. Einnig er mætt Sandra Brá Jóhannsdóttir sveitarstjóri sem jafnframt ritar fundargerð. Margrét Ólafsdóttir er mætt fyrir hönd skipulagsfulltrúa á skype.

1. 1810003 Hátún.

Kynning á skipulagshugmyndum.

Skipulagsnefnd þakkar erindið og óskar eftir frekari gögnum vegna málsins.

2. 1811001 Eystri-Ásar – stofnun lóðar.

Ríkiseignir óska eftir að stofnuð verði 9.300 m² lóð úr jörðinni Eystri-Ásum landnr. 163301. Lóðin er ætluð undir smáhýsi/gistirými, ásamt því að gamla íbúðarhúsið að Ásum stendur á lóðinni.

Samþykkt í Skipulagsnefnd. Byggingarfulltrúa falið að ljúka málinu.

3. 1811002 Eystri-Ásar – stöðuleyfi.

Sótt er um stöðuleyfi fyrir eitt gistihús að Eystri-Ásum.

Skipulagsnefnd samþykkir ekki veitingu leyfisins og bendir umsækjanda á að um byggingarleyfisskylda framkvæmd er að ræða.

4. 170918 Sótt um framkvæmdaleyfi í landi Orustustaða.

Hreiðar Hermannsson sækir um framkvæmdarleyfi til endurbóta á vegslóða í landi Orustustaða og leyfi til efnistöku í landi Orustustaða en efnið verður notað til að laga umræddan vegslóða sem liggur að Orustustöðum.

Samþykkt í Skipulagsnefnd. Byggingarfulltrúa falið að ljúka málinu.

5. 1807004 Stóratofa 9.

Sótt er um óverulega breytingu á deiliskipulagi Hrífunes þar sem leyfilegt er að stúka af svefnloft.

Skipulagsnefnd samþykkir tillöguna og felur skipulagsfulltrúa að kynna tillöguna skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

6. 18110030 Fyrirspurn til Skipulagsnefndar frá Z listanum, Sól í Skaftárhreppi.

Z-listinn, Sól í Skaftárhreppi lýsir yfir áhyggjum vegna húsnæðismála á Kirkjubæjarklaustri.

GBR DAA JHK
BGF BVG

- a) hver er staðan í landaskiptum Klausturjarðarinnar? Fundir málsaðila virðast óreglulegir og langt á milli þeirra, getur sveitarstjórn stuðlað að því að flýta ferlinu, t.d. með lögfræðiaðstoð?
- b) hafa allir aðrir möguleikar á að þetta byggðina norðan megin árinna verið fullreynir, s.s. það land sem er í eigu ríkis og/eða kirkjunnar?
- c) hversu miklu hærru verður gatnagerðarkostnaður sveitarfélagsins við að byggja upp nýtt hverfi, ótengt fyrri þéttbýliskjarna, í samanburði við kostnað við að þetta núverandi byggð?

Skipulagsnefnd þakkar erindið. Skipulagsnefnd hefur ekki haft beina aðkomu að landaskiptum Klausturjarðarinnar og bendir Z-listanum á að beina fyrirspurnum varðandi skiptin til sveitarstjórnar. Varðandi möguleika á þéttingu byggðar norðan megin árinna hefur það ekki verið skoðað til hlítar og fullástæða til að skoða það betur. Ekki er hins vegar um framtíðarlausn að ræða heldur einstaka lóðir sem gætu leyst bráðavanda. Engar kostnaðargreiningar hafa verið gerðar á þessu stigi.

Formanni skipulagsnefndar falið að svara erindinu fyrir hönd skipulagsnefndar.

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið 16:10

*Jon Hvald Karlsson
Grisþor B. Pálsson
Bergur Gudnason
Danní Andri Árnason
Bjarki V. C. Friuson*